


SAMKEPPNI UM GERÐ ÚTILISTAVERKS TIL AÐ MINNAST ATVINNUÞÁTTÖKU KVENNA VIÐ GÖMLU HÖFNINA Í REYKJAVÍK

DÓMNEFNDARÁLIT
OKTÓBER 2017



INNGANGUR

Faxaflóahafnir sf. fagna í ár 100 ára afmæli Gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Af því tilefni var í mars á þessu ári boðað til samkeppni um nýtt útilistaverk við Gömlu höfnina. Verkinu er ætlað að minnast hlutdeildar kvenna í starfssemi og sögu hafnarinnar, en það er auk þess hugsað sem kennileiti við Gömlu höfnina og hluti af því margbreytilega svæði sem nær frá Hörpu út á Granda.

Um samkeppnina giltu samkeppnisreglur Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Samkeppnisformið var lokað samkeppni með forvali, en rétt til að taka þátt höfðu allir myndlistarmenn. Forvalsnefnd valdi úr hópi þeirra 29 sem gáfu kost á sér fimm einstaklinga eða hópa til að taka þátt lokaðum hluta samkeppninnar.

Dómnefnd hefur nú lokið við að meta þær fimm tillögur sem bárust með hliðsjón af fyrirliggjandi samkeppnislýsingu og komist að einróma niðurstöðu. Við mat á tillögum lagði dómnefnd áherslu á almenn listræn gæði, frumleika, raunhæfi og hversu vel verkið féll að þema verkefnisins.

DÓMNEFND

Forvalsnefnd skipuðu eftirtaldir:

Ólöf K. Sigurðardóttir, formaður – skipuð af Faxaflóahöfnum sf.

Ragnheiður Sigurðardóttir – skipuð af Faxaflóahöfnum sf.

Guðrún Erla Geirsdóttir - skipuð af SÍM

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir:

Líf Magneudóttir, formaður – skipuð af Faxaflóahöfnum sf.

Hildur Gunnlaugsdóttir – skipuð af Faxaflóahöfnum sf.

Ólöf Nordal – skipuð af Faxaflóahöfnum sf.

Sindri Leifsson - skipaður af SÍM

Bryndís Snæbjörnsdóttir - skipuð af SÍM

Trúnaðarmaður samkeppni:

Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir

Ráðgjafar dómnefndar:

Vignir Albertsson

UMSÖGN DÓMNEFNDAR

Það var einróma niðurstaða dómnefndarinnar að velja *Tíðir*, auðkennisnúmer 103, sem vinningstillögu í samkeppni um nýtt útilistaverk við Gömlu höfnina. *Tíðir* er umhverfisverk, villigarður, þar sem tekist er á við frumkrafta náttúrunnar og unnið með villigróður í bland við manngert umhverfi borgarinnar. Verkið, sem er inngrip í borgarlandslagið, er gagnvirkt í umhverfi sínu. Það er afmarkað með löngum stálþiljum sem rekin eru niður í jörðina. Stálþilin tákna fyrirbærið jarðkross sem myndar skjól og festingu, en notkun hans má rekja aftur til landnáms tíma. Hægt er að ganga umhverfis verkið en jafnframt inn í það á mismunandi vegu. Sjó er veitt inn í botn verksins við flóð og ris og hnig sjávarfalla þannig sjóngerð á milli stálþiljanna. Í verkinu má finna sandfjöru, vallendi, fitjar, gróna sanda og fjölbreyttan fjörugróður.

Í verkinu er vísað í störf kvenna á mótum lands og sjávar. Sjónum er ekki einungis beint að hefðbundnum störfum eins og að stakka fiski, beitningu og uppskipun, heldur einnig að því að hirða strandnytjar til að veita líkn gegn sulti og veikindum. Garðurinn myndar tákni fyrir konuna sem skapar umgjörð, hlúir að og veitir skjól.

Samspil fortíðar, samtíma og framtíðar mætast í verkinu. Styrkur verksins liggur í því hvað það er marglaga, það vísar í söguna en tekur jafnframt á málefnum samtímans og vísar til framtíðar. Verkið er í stöðugri umbreytingu vegna áhrifa frá umhverfi sínu, rétt eins og staða og störf kvenna hafa tekið breytingum í gegnum tíðina. Stór hluti atvinnuþátttöku kvenna var hulinn. Það á því vel við að verkið sé að mestum hluta staðsett undir yfirborði torgsins sem það stendur á. Í greinargerð um verkið segir:

Flökkufólki um lendur hafnarinnar er þannig boðið að bregða mjúklega af beinum ferðalínum sínum og nálgast þennan punkt, þetta ferðalag í gegnum tíma og rými, sögu og hrynjanda, rofið innsigli borgarlandslagsins niður í vin gróðurs og sam-/einveru.


Verkið *Tíðir* er nýr viðkomustaður í borginni, vin þar sem vegfarendur geta dvalið og notið. Verkið er minnisvarði um framlag kvenna og um leið hið síbreytilega landslag sjávarsíðu Reykjavíkur. Verkið talar til samtíma síns og er innlegg í orðræðu um alþjóðleg málefni eins og flakk (*e. nomadism*), flóttu og rek. Það er nútímalegt og í samtali við samtímamyndlist í opinberu rými í alþjóðlegu samhengi.

Dómnefndin þakkar öllum sem tóku þátt í samkeppninni.

VINNINGSTILLAGA: TÍÐIR, AUÐKENNISNÚMÉR 103



Líf Magneudóttir, formaður,
fyrir hönd Faxaflóahafna




Bryndís Snæbjörnsdóttir,
fyrir hönd SÍM



Hildur Gunnlaugsdóttir,
fyrir hönd Faxaflóahafna



Ólöf Nordal,
fyrir hönd Faxaflóahafna



Sindri Leifsson,
fyrir hönd SÍM